



## Dagur leikskólans

Þann 6. febrúar næstkomandi er dagur leikskólans en þann dag, árið 1950, stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Þetta er þriðja árið í röð sem leikskólar halda daginn hátíðlegan en þar sem daginn ber að þessu sinni upp á laugardag er mælt til þess að honum verði fagnað í leikskólum föstudaginn 5. febrúar. Leikskólakennarar munu þennan sama dag fagna 60 ára afmæli félagsins m.a. með útgáfu veglegs afmælistímarits. Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Tilgangurinn er að auka jákvæða umræðu um leikskólann, vekja umræðu um hlutverk leikskóla og starf leikskólakennara og kynna starfið út á við.



## Nýir félagar bætast í ört stækkandi hóp

Heimili og skóli - landssamtök foreldra hafa nýlega sent skeyti til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem kostir þess að ganga í félagið eru tíundaðir. Skemmst er frá því að segja að fjöldamargir skólar hafa nú bæst í ört stækkandi félagatal og fögnum við því. Þeir skólar sem ganga í félagið fá senda alla okkar útgáfu og handbækur fyrir skóla- og foreldraráð sem nýbúið er að yfirfara og uppfæra. Við hvetjum alla skóla til að skrá sig í félagið en með því er okkur mikill stuðningur sýndur auk þess sem félagar njóta þess að geta sótt til okkar ráðgjöf, fyrirlestra og fjölbreytt fræðsluefni.



## Vel heppnaður samráðsfundur

Góð mæting var á vel heppnaðan fund Heimilis og skóla og menntamálaráðuneytisins um foreldrasamstarf á framhaldsskólastigi síðastliðinn föstudag, 29. janúar. Allar stjórnir foreldraráða í framhaldsskólum landsins, náms- og starfsráðgjafar, ásamt forvarnfulltrúum og skólameisturum voru boðuð til fundar. Hátt í áttatíu manns mættu á fundinn sem haldinn var í menntamálaráðuneytinu frá klukkan eitt til hálffimm en auk þeirra sem mættu í eigin persónu fylgdust nokkrir með í gegnum fjárfundarbúnað. Dagskráin var þéttskipuð en þar mátti finna fjölbreytt og fróðleg erindi sem féllu í góðan jarðveg. Viðstaddir voru afar ánægðir með fundinn sem ætlað var að styrkja og efla foreldraráð framhaldsskóla í starfi.

Fundargerð, glærur og dagskrá verður að finna á heimasíðu okkar, <http://heimiliogskoli.is>, en einnig má smella hér til að skoða fundargerðina. Við viljum nota tækifærið og þakka fyrir góð og gagnleg erindi sem flutt voru, styrka fundarstjórn, virka umræðu og góða mætingu. Einnig viljum við þakka mennta- og menningarmálaráðuneyti fyrir samvinnuna sem við vonum að skili sér í öflugum foreldraráðum innan framhaldsskólanna en samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum er kveðið á um að í öllum framhaldsskólum skuli starfa foreldraráð. Þess ber að geta að Heimili og skóli hafa nú útbúið handbók fyrir foreldraráð framhaldsskóla sem aðgengileg er félagsmönnum.

## Hugsaðu áður en þú sendir



Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2010 verður haldinn 9. febrúar næstkomandi undir yfirskriftinni „Hugsaðu áður en þú sendir“. Í tilefni dagsins stendur SAFT fyrir málþingi í Skriðu, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð, frá klukkan 14:30 til 16:30. Fundarstjórn er Páll Óskar Hjálmtýsson og á dagskránni eru fjölbreytt erindi. Fjallað verður m.a. um: vinasöfnun á félagssíðum, myndbirtingar, rafræn tengsl og persónusköpun ungs fólks, friðhelgi og persónuvernd og lögreglurannsóknir mála. Veitt verða verðlaun í nemendasamkeppni SAFT og Nýherja um gerð jafningjafræðsluefnis um jákvæða og örugga netnotkun. Í lok málþings verður boðið upp á veitingar. Málþingið verður sent út beint á netinu en allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu SAFT, [www.saft.is](http://www.saft.is).